

## Tillögur að lagabreytingum lagðar fram á aðalfundi Alzheimersamtakanna þann 12. maí 2021

Nýr texti er feitletraður og skáletraður. Texti sem fellur út er yfirstrikaður.

### Tillaga 1

Í 5. gr. laganna um fasta liði á aðalfundi félagsins verði gerðar eftirfarandi breytingar:

Liður 4 og 5 verði felldir niður sbr.

~~4. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.~~

~~5. Endurskoðaðir ársreikningar félagsdeilda skýrðir og afgreiddir.~~

Liður sem áður var númer 6 verður nr 4. Skýrslur forstöðumanna félagsdeilda.

Bætt verði inn sem lið **5 Ársreikningar félagsins lagðir fram, skýrðir og afgreiddir**. Númeraröð þeirra liða sem á eftir koma breytast til samræmis.

1. Setning fundarins.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Skýrslur forstöðumanna félagsdeilda.
5. **Ársreikningar félagsins lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.**
6. Lagabreytingar.
7. Kosning stjórnar.
8. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga.
9. Ákvörðun um árgjald.
10. Önnur mál.

### Tillaga 2

Í 9. grein um félagsdeildir bætist við í þriðju málsgrein:

Hver félagsdeild skal vera með hjúkrunarfræðimenntaðan forstöðumann sem hefur faglega ábyrgð og sér um daglegan rekstur viðkomandi dagþjálfunar. **Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi vegna þeirrar starfsemi aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri og eignum. Rekstur félagsdeilda skal sýndur sérstaklega í ársreikningi félagsins.** Endanleg fjárhagsleg ábyrgð á

rekstri ~~félags~~deildanna er á ábyrgð Alheimersamtakanna *og skulu allar meiriháttar ákvarðanir deilda teknar af stjórn félagsins.*

Út fellur í staðinn:

~~félags~~ í 4. setningu málsgreinarinnar.

og

~~Hver félagsdeild hefur aðskilinn fjárhag og kenntölu. Endanleg fjárhagsleg ábyrgð á rekstri deildanna er á ábyrgð Alheimersamtakanna.~~

og

~~Félagsdeildir hafa tekjur af daggjöldum sem greidd eru samkvæmt þjónustusamningum við ríki og/eða sveitarfélög. Félagsdeildir greiða allan rekstrarkostnað við dagþjálfun. Allar meiriháttar ákvarðanir deilda skulu teknar af stjórn félagsins.~~